


Garnaveiki – sýnataka

- Plastilát með þétu loki / rennilásapoki
- Þykkur, rakadrægur pappír t.d. handþurrkur
- Sýni úr dausgörn með ristilloku og eitlum (sjá nánar fyrir neðan)
 - ATH Ekki senda fituna með
 - ATH Handfjatla sýnin varlega (ekki kreista eða strjúka) til að varðveita vefinn fyrir vefjaskoðun
- Kæla vel áður en lok er sett á ílátin / lokað fyrir rennilásapoka
- Merkja sýnin vel
- Senda rannsóknarbeiðni með (Krufningar/meinafræði – rannsóknarbeiðni á heimasíðu Keldna)
- Gefa upp ástæðu sýnatöku (garnaveikigrunur / línubrjótur o.s.frv.)

NÁNARI LÝSING MEÐ MYNDUM

1. Görnum er snúið þannig að dausgörn (ileum) og ristiloka (ileocecal valve) snúa upp.




Garnaveiki – sýnataka



2. Eitill/eitlar upp við ristilloku ásamt nokkrum dreneitlum aftari hluta mjógarnar (ekki á mynd) fjarlægðir



3. Aftasti hluti dausgarnar (u.þ.b. 10-20 sm), öll ristillokan og lítill hluti botnlanga og ristils (u.þ.b. 3-4 sm) eru skorin frá



Garnaveiki – sýnataka



4. Fita í garnahengi fjarlægð (ekki send með) – auðvelt er að rekja upp garnir þegar þær eru ferskar og þar með losa fituna frá. Sömuleiðis er auðvelt að skræla eitla út úr garnahengisfitunni þegar sýnin eru fersk.

5. Eitlar og garnir eru sett í plasticsýnaglös (/rennilásaplastpoka) **ásamt rakadrægum pappír** og eyrnamerki (ef mögulegt) eða sýnaglös merkt með bæjarnafni, bæjarnúmeri og númeri dýrs.

Setjið eitla ofan á garnasýnið en með pappír á milli



6. Sýnin eru strax sett í kæli (ATH! ekki frysta), og send sem fyrst á Tilraunastöðina. Rannsóknarbeiðni á að fylgja sýnunum – sjá heimasíðu Keldna undir „Þjónusta“ (<https://keldur.is/is/thjonusta/rannsoknarbeidnir-og-eydublod>). Rannsóknarbeiðni Krufningar Vefjaskoðun Meinafræði

7. Sendingin er stíluð á:

***Meinafræðideild
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
Keldnavegur 3
112 Reykjavík***

Garnaveiki – sýnataka

Teikningar

Hefðbundin sýnataka - garnaveikirannsókn

Sýnatökustaður – garnir


= það sem er inni í **bláa boxinu** (ristil með dausgörn (ileum) ásamt litlum botnlanga og ristli) og það sem er í **k** = um 20-30 sm langur bútur af dausg

Sýnataka - eitlar

1. Eitill/eitlar sem eru nálægt ristilinu – **rautt box** (fjöldi mismunandi eftir dýrategund (sauðfé, geitur, nautgripir) og á milli einstaklinga)).
2. Garnahengiseitlar sem dreyna aftari hluta ásgarnar (jejunum) – **rauðar örvar**

ATHUGIÐ

Mikil fita getur verið í kringum eitla og því þarf að skræla þá út (varlega)



a = duodenum, b = jejunum, c = ileum, d = cecum, e = prox. colon, f = colon labyrinth, g = terminal loop of colon, h = rectum, i = pancreas

Viðbótarsýni - garnaveikirannsókn

Viðbótarsýni – garnir


Gæti verið gott að fá viðbótarsýni þegar um er að ræða dýr sem hafa verið jákvæð í garnaveikiþrófi en eru ekki með nein einkenni; þetta á einkum við nautgripir.

Ásgörn (jejunum)

2- 3 bútar af aftari hluta ásgarnar (jejunum) hver u.þ.b. 10 sm á lengd (rauð box)

ATHUGIÐ

Mikil fita getur verið í kringum eitla og því þarf að skræla þá út (varlega)



Meltingarvegur – nautgripir

a = duodenum, b = jejunum, c = ileum, d = cecum, e = prox. colon, f = colon labyrinth, g = terminal loop of colon, h = rectum, i = pancreas